


## Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

LÍOL2SS05


<b>Kennari</b>	Kristjana Hildur Gunnarsdóttir <a href="mailto:kristjana.gunnarsdottir@fss.is">kristjana.gunnarsdottir@fss.is</a>	
<b>Viðtalstími</b>	Mánudagur kl. 10.15-10.55	
<b>Námsefni</b>	Essentials of Anatomy and Physiology eftir Tortora og Derrickson <b>eða</b> Introduction to the Human Body (er eftir sömu höfunda ) fæst í Bóksölu stúdenta Litabók – Bóksala FS (bókasafn) Fyrirlestrar á Innu Trélitir (minnst 12 stk.)	
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Farið er yfir skipulagsstig líkamans og öll líffæraakerfin kynnt. Hugtakið homeostasis (jafnvægi) er útskýrt svo og starfsemi afturvirkra stjórnkerfa. Farið er yfir grundvallarhugtök líffærafræðinnar. Latnesk heiti eru notuð í allri umfjöllun. Bygging og starfsemi frumna og frumuskipting er rifjuð upp. Sérstök áhersla er lögð á lífeðlisfræði frumhímnunnar. Stutt ágríp af vefjafræði. Fjallað er um helstu einkenni hvers vefjaflokks og skiptingu í undirflokk. Skoðuð er bygging þekjukerfis og margþætt starfsemi húðar útskýrð. Fjallað er um bein, liði og hlutverk þeirra. Farið er í byggingu og starfsemi vöðvafrumu og starfsemi einstakra vöðva og vöðvahópa skoðuð. Fjallað er um starfsemi taugakerfis og flokkun þess. Farið er í byggingu taugafrumna og starfsemi þeirra útskýrð. Umgerð og byggingu miðtaugakerfis eru gerð skil. Farið er í mænuviðbrögð, mænutaugar, taugaflækjur og byggingu svæðaskiptingu heilans. Flokkun og starfsemi dulaugakerfisins útskýrð. Lífeðlisfræði skynjunar er útskýrð og fjallað um byggingu og starfsemi allra skynfæranna. Farið er í almenna þætti er tengjast innkirtlakerfinu og síðan farið í byggingu og starfsemi innkirtla mannsins.</p> <p>Unnin verða margvísleg verkefni og próf með og án gagna til að dýpka þekkingu nemandans.</p>	

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanganum verður að ná að minnsta kosti 4,5 í lokaeinkunn og í hverjum námsmatsþætti fyrir sig, en einnig þarf að ná að lágmarki 4,5 í einkunn í hverju könnunarprófi.	
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Sleppikerfi</b> <input type="checkbox"/>	
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
	Verkefni	20%
Innupróf	30%	
Könnunarpróf	50%	

Virðing, samvinna og árangur

<b>Reglur áfanga</b>	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Samkvæmt aðalnámskrá ber nemendum að mæta í allar kennslustundir (sjá mætingarreglur FS).
----------------------	--

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Ef nemandi missir af könnunarprófi þá er hægt að taka það upp í stoðtíma sem boðið verður upp á. Öllum verkefnum og prófum fyrri hluta annar þarf að vera búið að skila inn fyrir miðannarmat. Þessi áætlun er birt með fyrirvara um breytingar sem á henni geta orðið.
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þeim atriðum sem upp eru talin í áfangalýsingu</li> <li>• starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um</li> <li>• latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar</li> <li>• latneskum heitum vöðva og beina</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilja starfsemi líkamans</li> <li>• nota latnesk heiti á vöðvum og beinum</li> <li>• nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta</li> </ul>
<p><b>Hæfni</b></p> 	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýta sér námsefnið í hinum margvíslegu starfssviðum sem tengist líkamanum.</li> <li>• nýta sér námsefnið til skilnings á eigin heilsu</li> </ul>	

Vinnuáætlun		
<b>Tímasókn</b>	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
<b>Undirbúningur f. Innupróf</b>	19 x 50 mín	16 klst.
<b>Undirbúningur f. könnunarpróf</b>	7 x 3 klst.	21 klst.
<b>Undirbúningur f. samantektarpróf</b>	1 x 4 klst.	4 klst.
<b>Alls</b>		<b>105 klst. = 5 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 4.-12.janúar	Kynning Kafli 1 – Uppbygging líkamans	10.jan. Verkefni 1.kafli 11.jan. Innupróf úr 1.kafli
<b>2. vika</b> 15.-19.janúar	Kafli 3 - Fruman	17.jan. Verkefni úr 3.kafli 18.jan. Innupróf úr 3.kafli
<b>3. vika</b> 22.-26.janúar	Kafli 4 – Vefir	22.jan. Könnunarpróf 1 úr köflum 1 og 3 25.jan. Innupróf úr 4.kafli
<b>4. vika</b> 29.jan. – 2.febrúar	Kafli 5 – Þekjukerfið	31.jan. Verkefni úr 5.kafli 1.febr. Innupróf úr 5.kafli
<b>5. vika</b> 5.-9.febrúar	Kafli 6 – Bein	5.febr. Innupróf úr 6.kafli - myndbönd 6.febr. Könnunarpróf 2 úr köflum 4 og 5 8.febr. Innupróf úr 6.kafli (1.hluta beina)
<b>6. vika</b> 12.-16.febrúar	Kafli 6 – Bein	13.febr. Stoðtími 15.febr. Innupróf úr höfuð, hrygg og brjóstkassa
<b>7. vika</b> 19.-23.febrúar Þemadagur/námskeið	Kafli 6 – Bein	22.febr. Verkefni úr 6.kafli
<b>8. vika</b> 26.febr. – 1.mars Starfsdagur kennara	Kafli 6 - Bein	26.febr. Innupróf úr efri útlimum, axlargrind og neðri útlimum. 27.febr. Anatomyvefur – verkefni 29.febr. Könnunarpróf 3 úr 6.kafli
<b>9. vika</b> 4.-8.mars Miðannarmat	Kafli 7 – Bein og liðir	6.mars Verkefni úr 7.kafli 7.mars hópverkefni úr 7.kafli
<b>10. vika</b> 11.-15.mars Miðannarmat	Kafli 8 – Vöðvar	11.mars Könnunarpróf 4 úr 7.kafli 12.mars Innupróf úr myndbandi 13.mars Innupróf úr myndbandi 13.mars Verkefni úr 8.kafli 14.mars Innupróf úr 8.kafli (1.hluta)
<b>11. vika</b> 18.-22.mars Starfshlaup 22.mars Páskafrí 23.mars-1.apríl	Kafli 8 – Vöðvar	20.mars Innupróf úr vöðvum efri hluti (8.kafli) 21.mars Stoðtími
<b>12. vika</b> 2.-5.apríl	Kafli 8 - Vöðvar	3.apríl Innupróf úr vöðvum neðri hluti (8.kafli) 4.apríl Anatomyvefur verkefni
<b>13. vika</b> 8.-12.apríl	Kafli 8 - Vöðvar Kafli 9 – Taugakerfið	9.apríl Könnunarpróf 5 úr 8.kafli 11.apríl Innupróf úr 9.kafli
<b>14. vika</b> 15.-19.apríl	Kafli 10 - Miðtaugakerfið Kafli 11 – Dultaugakerfið	15.apríl Verkefni úr 10.kafli 16.apríl Innupróf úr 10.kafli 17.apríl Innupróf úr 11.kafli 18.apríl Könnunarpróf 6 úr köflum 9,10 og 11
<b>15. vika</b> 22.-26.apríl	Kafli 12 - Skynjun	22.apríl Innupróf -myndband 23.apríl Verkefni úr 12.kafli 24.apríl Innupróf úr 12.kafli
<b>16. vika</b> 29.apríl- 3.maí	Kafli 13 – Innkirtlakerfið Samantekt Stoðtími	29.apríl Verkefni úr 13.kafli 30.apríl Innupróf úr 13.kafli 2.maí Könnunarpróf 7 úr köflum 12 og 13
<b>17. vika</b> 6.-10. maí	Samantekt Lokaskil	7.maí Könnunarpróf með gögnum úr köflum 1-13 10.maí Stoðdagur

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kveðja frá Kiddý

Fjölbrautaskóli Suðurnesja